

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 185/2021

frá 11. júní 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1222 frá 24. ágúst 2020 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í nýtnum ytri ljósabúnaði ökutækja með ljósdíóðum sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum sem eru knúin brunahreyfli í samræmi við NEDC-skilyrði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1232 frá 27. ágúst 2020 um viðurkenningu á nýttinni rafalavirkni sem notuð er í 12 volta hreyfilrafölum sem notaðir eru í fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum, þ.m.t. í tilteknum tvinnrafökutækjum og ökutækjum sem geta gengið fyrir óhefðbundnu eldsneyti, sem nýsköpunartækni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 21azfa (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1713) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azg. **32020 D 1222**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1222 frá 24. ágúst 2020 um viðurkenningu á tækni sem notuð er í nýtnum ytri ljósabúnaði ökutækja með ljósdíóðum sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá léttum atvinnuökutækjum sem eru knúin brunahreyfli í samræmi við NEDC-skilyrði samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 (Stjttíð. ESB L 279, 27.8.2020, bls. 5).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 279, 27.8.2020, bls. 5.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 280, 28.8.2020, bls. 18.

21azh. **32020 D 1232**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1232 frá 27. ágúst 2020 um viðurkenningu á nýttinni rafalavirkni sem notuð er í 12 volta hreyfilrafölum sem notaðir eru í fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum, þ.m.t. í tilteknum tvinnrafökutækjum og ökutækjum sem geta gengið fyrir óhefðbundnu eldsneyti, sem nýsköpunartækni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 (Stjtið. ESB L 280, 28.8.2020, bls. 18).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2020/1222 og (ESB) 2020/1232, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. júní 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júní 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.